

GJALDSKRÁ

Landmælinga Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Landmælingar Íslands varðveita og framleiða landfræðilegar upplýsingar. Fyrir sölu, birtingu og útgáfu efnis og sérhæfða þjónustu sem stofnunin veitir skulu Landmælingar Íslands innheimta gjöld af viðskiptamönnum sínum samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar. Allar fjárhæðir í gjaldskrá þessari eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða og orðasambanda í gjaldskrá þessari er sem hér segir:

- Kort:* Uppdráttur sem sýnir með margs konar litum og táknum landslag og mannvirki af ákveðnu svæði í ákveðnum hlutföllum sem gefin eru upp sem mælikvarði (t.d. 1:100 000). Flest útgefin prentuð kort eru nú unnin með stafrænum hætti og því er oftast til stafræn útgáfa kortsins auk hins prentaða. Kort eru mismunandi eftir því til hvers á að nota þau svo sem ferðakort, göngukort og stafræn kort til notkunar í landfræðilegum upplýsingakerfum.
- Lag (þekja):* Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild í landfræðilegu gagnasafni, t.d. samgöngulag eða vatnafar.
- Landupplýsingar:* Hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.
- Lofmyndir:* Myndir teknar úr flugvélum, vegna kortagerðar, lóðrétt niður í myndaröðum.
- Nákvæm endurgerð efnis:* Efni sem byggist á efni frá Landmælingum Íslands, framleitt óbreytt í lit eða í svarthvítu og er í sama eða svipuðum mælikvarða eða stærð og hið upprunalega efni.
- Rastakort:* Stafrænt kort byggt upp af myndeingum.
- Smákort:* Kort með takmörkuðum upplýsingum um staðfræði, sem notuð eru til skýringar með texta.
- Stafrænt efni:* Hvers kyns efni á stafrænu formi sem er í eigu eða vörslu Landmælinga Íslands.
- Vigraðir gagnagrunnar:* Gagnagrunnar sem byggðir eru upp með punktum, línum og flákum sem í flestum tilfellum eru tengdir við landfræðilega staðsetningu.
- Örnefni:* Nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði, sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miða o.s.frv.
- Vefþjónusta:* Þjónusta sem veitir aðgang að gögnum beint af netþjónum LMÍ á stöðluðu formi.

3. gr.

Höfundaréttur.

Íslenska ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Kaup og aðgangur að efni frá Landmælingum Íslands.

4. gr.

Loftmyndir, ljósmyndir og rastakort.

Landmælingar Íslands selja eingöngu stafrænar (skannaðar) eftirgerðir loftmynda og ljósmynda sem eru í vörslu stofnunarinnar. Um gjald fyrir loftmyndir, ljósmyndir og rastakort gilda ákvæði fylgiskjals 1.

5. gr.

Vigraðir gagnagrunnar.

Landmælingar Íslands bjóða aðgang að vigruðum gagnagrunnum. Um gjald fyrir aðgang að stafrænu efni gilda ákvæði fylgiskjala 2 og 3, sbr. einnig 6. og 7. gr. Árgjald miðast að lágmarki við þriggja ára samningstímabil.

6. gr.

Notkunarleyfi.

Við kaup eða aðgang að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands fær viðskiptavinurinn notkunarleyfi fyrir efninu og gengst við almennum skilmálum sem stofnunin setur um notkun þess, nema um annað sé samið.

7. gr.

Fjöldi notkunarleyfa.

Notkunarleyfi fyrir kaupum eða árgjaldi að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands skiptast í eftirfarandi fjóra gjaldflokka sbr. einnig fylgiskjal 2:

1. *Almennt notkunarleyfi*, fyrir einn eða fleiri notendur þar sem notkun er ekki viðskiptalegs eðlis, heldur t.d. á sviði rannsókna, kennslu og/eða vegna lögbundinnar starfsemi opinberra aðila án gjaldtöku.
2. *Viðskiptaleyfi 1*, fyrir einn aðila þar sem notkun tengist viðskiptalegum tilgangi svo sem að selja þjónustu eða vörur á almennum markaði.
3. *Viðskiptaleyfi 2*, fyrir tvo eða fleiri notendur þar sem notkun tengist viðskiptalegum tilgangi svo sem að selja þjónustu eða vörur á almennum markaði.
4. *Afnotaleyfi*, notkun fyrir ótakmarkaðan fjölda notenda þar sem notkun tengist afmörkuðum eða tímabundnum verkefnum eða í viðskiptalegum tilgangi svo sem að selja þjónustu eða vörur á almennum markaði.

III. KAFLI

Sérhæfð þjónusta.

8. gr.

Sala á sérhæfðri þjónustu.

Landmælingar Íslands sinna sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu stafrænna gagna í mælikvarðanum 1:50 000 sbr. 4. tölul. 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, og annarra gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna. Um gjald fyrir sölu á sérhæfðri þjónustu gilda ákvæði fylgiskjals 3.

IV. KAFLI
Útgáfa og birting.

9. gr.

Útgáfu- og birtingarleyfi.

Landmælingar Íslands veita leyfi til afnota, útgáfu og birtingar eftirfarandi efnis sem nýtur höfundarréttar ríkisins:

1. Ljósmyndir, loftmyndir og gervitunglamyndir.
2. Kort.
3. Stafræn gögn, landfræðileg gagnasöfn.
4. Annað efni í vörslu Landmælinga Íslands.

10. gr.

Umsókn um birtingarleyfi.

Sá sem hyggst birta, gefa út eða endurprenta efni sem byggt er á efni frá Landmælingum Íslands skal sækja skriflega um útgáfu- og birtingarleyfi til stofnunarinnar. Þar skal meðal annars koma fram hvar fyrirhugað er að birta efnið, á hvaða formi, í hvaða upplagi, stærð og/eða mælikvarða. Í framhaldi af umsókn skal gerður samningur þar sem kveðið er á um gjald og nánari skilmála fyrir útgáfu eða birtingu efnisins.

11. gr.

Gjaldflokkar.

Gjald fyrir leyfi til útgáfu og birtingar á efni samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal ákveðið miðað við gjaldflokkana í þessari grein nema ákvæði 12. gr. eigi við. Um gjald fyrir útgáfu- og birtingarleyfi, þar á meðal afslætti, gilda ákvæði fylgiskjala 4, 5 og 6. Gjaldflokkarnir eru sem hér segir:

1. *Flokkur 1:* Gjald fyrir eftirfarandi útgáfu efnis:
 - a. Nákvæma endurgerð efnis frá Landmælingum Íslands.
 - b. Birt efni sem í endanlegri útfærslu inniheldur meira en 60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands sbr. fylgiskjal 5.
2. *Flokkur 2:* Gjald fyrir eftirfarandi útgáfu efnis sem endurgert er eftir efni frá Landmælingum Íslands:
 - a. Mikilsverðar breytingar án endurtekningar eða einföldunar.
 - b. Birt efni sem í endanlegri útfærslu inniheldur 30-60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands sbr. fylgiskjal 5.
3. *Flokkur 3:* Gjald fyrir eftirfarandi útgáfu efnis:
 - a. Endurgerð efnis frá Landmælingum Íslands þegar birt efni sem í endanlegri útfærslu inniheldur 10-30% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands, sbr. fylgiskjal 5.
 - b. Birting loftmynda Landmælinga Íslands.
 - c. Þegar gögn LMÍ eru minna en 10% af umfangi gagna sem notuð eru í vöru og/eða þjónustu er heimilt að veita afslátt frá birtri gjaldskrá með því að taka mið af hlutfalli umfangs gagna í hverju tilviki.
4. *Flokkur 4:* Gjald fyrir annað efni en kveður á um í 1.-3. flokki vegna nýrrar tækni eða nýs birtingarforms.

Falli beiðni um aðgang að efni frá Landmælingum Íslands eða birtingu þess undir 4. flokk skal gjald vegna þess byggt á tímagjaldi vegna sérhæfðrar þjónustu, umfangi eða flatarmáli gagna og einingarverði fyrir birtingu í samræmi við gjaldskrá þessa.

12. gr.

Birting í fjölmiðlum.

1. Greiða skal fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.

2. Greiða skal fyrir hverja birtingu í sjónvarpi á korti/mynd sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna og stöðuga notkun á kortum, loftmyndum og gervitunglamyndum í sjónvarpi skal greiða árgjald án tillits til fjölda birtinga á ári.

Um gjald fyrir birtingu efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum gilda ákvæði fylgiskjals 7. Þegar dagblöð hafa greitt gjald samkvæmt 1. ml. er þeim heimilt að birta í allt að 1 ár sömu kort á heimasíðum sínum á vefnum og birtust á hinu prentaða formi, án þess að sérstakt leyfi komi til. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal þó ávallt gætt ákvæða 16. gr. um áletrun.

13. gr.

Birting á vefnum.

Um gjald fyrir birtingu og útgáfu stafræns efnis á vefnum gilda ákvæði fylgiskjals 6. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal ávallt gætt ákvæða 16. gr. um áletrun.

14. gr.

Endurgerð lendir milli tveggja stærðaflokka.

Ef endurgerð korts lendir milli tveggja stærðarflokka skal ávallt reikna gjaldið eftir þeim stærri.

15. gr.

Kortabækur o.fl.

Við ákvörðun á stærðarflokki korta í kortabókum, leiðsögubókum og öðrum slíkum ritum skal telja saman heildarflatarmál kortanna. Við útreikninginn skal draga frá 20% af heildarflatarmálinu vegna endurtekningar á kortasvæðum milli blaðsíðna.

16. gr.

Áletrun.

Efni sem á uppruna sinn að rekja til efnis frá Landmælingum Íslands skal merkt á eftirfarandi hátt:

© **Landmælingar Íslands.**

Þegar fleiri en einn aðili á höfundarrétt að endanlegri útgáfu kortagagna skal samráð haft við Landmælingar Íslands um það hvernig merkja skuli efni frá stofnuninni.

17. gr.

Smákort.

Ekki skal innheimta gjald fyrir birtingar- og útgáfuleyfi þegar um er að ræða:

1. Birtingar stakra smákorta eða loftmynda (allt að 500.000 punkta að stærð á rastaformi) á vefnum, þar með talið í fréttamiðlum fjölmiðla.
2. Birtingar smákorta eða skýringarmynda á prentuðu formi í A4 stærð eða minni eða í mælikvarða 1:2 000 000 eða minni. Þó skal geta heimilda skv. 16. gr.

18. gr.

Undanþágur frá greiðslu.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari vegna efnis sem birt er í vísindalegum tilgangi eða í samfélagslegum verkefnum, svo sem vegna birtingar innan skólakerfisins, í fagfóðum og skýrslum opinberra aðila, á prentuðu eða stafrænu formi. Þó skal ávallt gerður samningur skv. 3. mgr. 10. gr. og gætt skal ákvæða 16. gr. um áletrun.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Hlutdeild viðskiptamanna í gögnum.

Ef efni frá Landmælingum Íslands á að einhverju leyti uppruna sinn að rekja til hlutaðeigandi viðskiptamanns skal lækka gjaldið í hlutfalli við magn þess efnis sem er frá honum komið.

20. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningi um framkvæmd gjaldskrár þessarar er heimilt að skjóta til ráðherra með stjórnsýslukæru.

21 gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 550/2007.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. júlí 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

Fylgiskjal 1.**Loftmyndir, ljósmyndir og rastakort frá Landmælingum Íslands.**

Tafla 1. Skönnun loftmynda.	
Skönnun loftmynda af filmu*	Verð fyrir hverja mynd án vsk.
Fyrsta mynd	2.940 kr.
Mynd 2-5	1.880 kr.
Mynd 6 eða fleiri	1.580 kr.

*Myndir skannaðar og skilað á TIFF.

Önnur verk við loftmyndavinnslu en ofangreind eru sérverkefni og unnin skv. tilboði.

Stærri pantanir og sérverkefni tengd skönnun loftmynda eru unnin skv. tilboði.

Tafla 2. Stafrænar loftmyndir, ljósmyndir og rastakort.	
Þjónustugjald pr. pöntun	1.725 kr.
Loftmyndir og ljósmyndir úr safni	500 kr.
Rastakort úr kortasafni	500 kr.

Stærri pantanir og sérverkefni tengd stafrænum myndum eru unnin skv. tilboði.

Fylgiskjal 2.**Vigraðir gagnagrunnar frá Landmælingum Íslands.**

Tafla 3. Vigraðir gagnagrunnar.					
	Lag	Árgjald¹⁾	Árgjald¹⁾	Árgjald¹⁾	Eingreiðsla
Heiti		Almennt notkunarleyfi	Viðskiptaleyfi 1¹⁾	Viðskiptaleyfi 2¹⁾	Afnotaleyfi
Heildarkort IS 3000V (pdf)					5.000 kr.
Heildarkort IS 2000V (pdf)					10.000 kr.
IS 500V					
IS 500V gagnagrunnur	Öll lög				Þjónustugjald 3.850 kr.
IS 50V²⁾					
IS 50V gagnagrunnur	Öll lög	220.000 kr.	440.000 kr.	660.000 kr.	2.640.000 kr.
IS 50V	Hæðarlínur ³⁾	33%	33%	33%	33%
IS 50V	Vatnafar ³⁾	25%	25%	25%	25%
IS 50V	Yfirborð ³⁾	5%	5%	5%	5%
IS 50V	Samgöngur ³⁾	25%	25%	25%	25%
IS 50V	Mannvirki ³⁾	20%	20%	20%	20%
IS 50V	Mörk og svæði ³⁾	10%	10%	10%	10%
IS 50V	Örnefni ³⁾	20%	20%	20%	20%
IS 50V	Hæðarlíkan ³⁾	25%	25%	25%	25%

Hægt er að velja um 4 sammingsleiðir vigraðra gagnagrunna, sbr. 7. gr. Notendur sem greiða árgjald eru sammingsbundnir í þrjú ár. Birting gagna á vef viðskiptavina, á rastaformi er innifalinn í viðskiptaleyfum 1 og 2.

- IS 50V gögn eru einnig seld samkvæmt flatarmáli (pr. km²) í þrepum skv. töflu 4. Dæmi um útreikning: Verð fyrir gögn sem þekja 55.000 km² = Fyrstu 25.000 km² á 4 kr./km², næstu 25.000 km² á 3 kr./km² og síðustu 5.000 km² á 2 kr./km².

2. Hægt er að kaupa stök lög og er verð þeirra þá fast hlutfall af verði alls gagnagrunnsins. Þetta á einnig við ef gögn eru keypt pr. km².

Árgjald IS 50V er eftirfarandi á hvern km², öll lög:

Tafla 4. Árgjald IS 50V pr. km ²				
	Almennt notkunarleyfi	Viðskiptaleyfi 1	Viðskiptaleyfi 2	Afnotaleyfi
verð á km ²	4 kr.	8 kr.	12 kr.	48 kr.

Þjónustugjald fyrir afgreiðslu á hluta IS 50V gagnagrunnsins er kr. 9.200. Innifalið í afhendingargjaldi er klipping gagnanna, vörpun þeirra og samningagerð.

Fylgiskjal 3.

Gjald vegna sérhæfðrar þjónustu frá Landmælingum Íslands.

Almennt gjald kr. 7.700. fyrir klst.
Sérfræðigjald, kr. 9.200 fyrir klst.

Fylgiskjal 4.

Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands.

Tafla 5. Birting og útgáfa korta á prentuðu formi, rastaformi og sem pdf.							
Stærð korta og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 sm ²	A5 og minna 310 sm ²	A4 og minna 625 sm ²	A3 og minna 1.250 sm ²	A2 og minna 2.500 sm ²	A1 og minna 5.000 sm ²	A0 og minna 10.000 sm ²
Flokkur 1	2,50 kr.	5,00 kr.	10,00 kr.	20,00 kr.	40,00 kr.	60,00 kr.	80,00 kr.
Flokkur 2	2,00 kr.	4,50 kr.	7,50 kr.	15,00 kr.	30,00 kr.	45,00 kr.	60,00 kr.
Flokkur 3	1,00 kr.	2,00 kr.	2,50 kr.	5,00 kr.	10,00 kr.	15,00 kr.	20,00 kr.

Einingaverð í töflu 5 eru fyrir hvert eintak birts eða útgefins kortis.

Þjónustugjald vegna útgáfu og birtingar efnis er kr. 5.750. Sé útgáfa á stafrænu formi miðast gjaldtaka við upprunastærð/-mælikvarða kortis.

Útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands á vigruðu formi.

Tafla 6.		
	IS 50V Verð pr km ²	IS 500V Verð pr km ²
Flokkur 1	0,025 kr.	0,0025 kr.
Flokkur 2	0,020 kr.	0,0020 kr.
Flokkur 3	0,005 kr.	0,0005 kr.

Einingaverð í töflu 6. er fyrir hvert eintak útgefins gagnagrunns.

Þjónustugjald vegna útgáfu og birtingar gagna er kr. 5.750.

Einungis er heimilt að gefa út vigruð gögn LMÍ á lokuðu formi.

Tafla 7. Afsláttur á birtingaleyfum vegna magns.		
Afsláttur vegna flokks 1 og 2	1.000-2.499 stk.	5%
	2.500-4.999 stk.	10%
	5.000-9.999	15%
	10.000 eða fleiri	25%
Afsláttur vegna flokks 3	10.000-24.999 stk.	25%
	25.000-49.999 stk.	50%
	50.000 stk. eða fleiri	75%

Afsláttur vegna flokks 3 er veittur í þrepum þannig að ef gefin eru út 35.000 eintök af korti reiknast 10.000 stk. án afsláttar, 15.000 stk. með 25% afslætti og 10.000 stk. með 50% afslætti.

Fylgiskjal 5.

Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands.

Hlutfall efnis frá Landmælingum Íslands er reiknað út frá töflu 7. Þannig reiknast útgáfa á hæðarlínunum og samgöngum sem 45% og lendir þar með í flokki 2 við ákvörðun birtingargjalds.

Tafla 8. Hlutfallsleg skipting vegna útreikninga birtingaleyfa.	
Hæðarlínur, hæðarlíkan	30%
Vatnafar, ár, lækir og vötn	20%
Samgöngur, vegir, flugvellir, ferjuleiðir	15%
Stjórnsýslumörk, hreppar, sýslur o.fl.	5%
Örnefni	15%
Yfirborð, s.s. gróður, hraun, sandar	5%
Byggingar og mannvirki	10%

Fylgiskjal 6.

Árgjald vegna birtingar efnis frá Landmælingum Íslands á vefnum.

Tafla 9. Árgjald vegna birtingar efnis á vefnum.					
Upprunaleg stærð korta og mynda sem á að gefa út	A4 og minna 625 sm ²	A3 og minna 1250 sm ²	A2 og minna 2500 sm ²	A1 og minna 5000 sm ²	A0 og minna 10000 sm ²
Flokkur 1	7.500 kr.	11.250 kr.	16.800 kr.	25.000 kr.	38.000 kr.
Flokkur 2	5.000 kr.	7.500 kr.	11.250 kr.	16.800 kr.	25.000 kr.
Flokkur 3	2.500 kr.	5.000 kr.	7.500 kr.	11.250 kr.	16.800 kr.

Birting á vefnum telst vera ein mynd eða kort sem hluti af heimasíðu viðskiptavinar.

Undanþegin gjaldtöku eru stök smá kort eða loftmyndir allt að 500.000 punkta að stærð á rastaformi sem birt eru til skýringar texta.

Fylgiskjal 7.

Birting efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum.

1. *Dagblöð*: Greiða skal. kr. 11.000 fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
2. *Sjónvarp*: Greiða skal. kr. 1.100 fyrir hverja birtingu á korti sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna stöðuga notkun skal gera sérstakan samning með tilliti til fjölda birtinga.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2011